

Fimmtudaginn 6. nóvember 1997.

Nr. 30/1997.

Dælutækni ehf.

(Sveinn Skúlason hdl.)

gegn

Virki sf. og

Þrotabúi Austurholts hf.

(Ásgeir Magnússon hrl.) og

Virki sf.

gegn

Dælutækni ehf.

og Þrotabúi Austurholts hf.

Stefnubirting. Meðalganga. Frávísun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Gunnlaugur Claessen og Arnljótur Björnsson og Sigurður Líndal, settur hæstaréttardómari.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 16. janúar 1997 og krefst þess, að héraðsdómur verði staðfestur, að því er varðar kröfur aðaláfrýjanda á hendur Austurholts hf. Hann krefst þess einnig, að meðalgöngusök gagnáfrýjanda verði vísað frá héraðsdómi, en að því frágengnu verði aðaláfrýjandi sýknaður af kröfum gagnáfrýjanda. Jafnframt krefst aðaláfrýjandi þess, að staðfest verði kyrretning sýslumannsins í Kópavogi 12. september 1995 á þremur skuldabréfum, hverju að nafnverði 350.000 krónur, sem út voru gefin 7. september 1995 af Austurholts hf. með veði í tilteknum eignarhlutum í fasteignunum Heiðarhjalla 29 og 31 í Kópavogi. Loks krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda og gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi krefst þess, að „allar kröfur hans í héraði verði teknar til greina“ auk málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms var bú Austurholts hf. tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði 13. nóvember 1996. Hefur þrotabúið ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

I.

Aðaláfrýjandi lét birta stefnu til héraðsdóms á hendur Austurholti hf. í Lögbirtingablaði 10. nóvember 1995. Hafði stefnubirting áður verið reynd á lögheimili beggja stjórnarmannanna í félaginu að Vesturholti 4 í Hafnarfirði. Er skráð á birtingarvottorð, að birting hafi ekki tekist, og er ekki getið um neinn, sem þar hafi hist fyrir. Þá kemur fram í málgögnum, að stefnan hafi einnig verið birt fyrir föður annars stjórnarmannanna á heimili hans að Kjarlandi 27 í Reykjavík. Hefur verið skráð á birtingarvottorðið, að þar sé dvalarstaður stjórnarmannanna. Við munnlegan máflutning fyrir Hæstarétti var af hálfu aðaláfrýjanda sérstaklega vísað til b-liðar 3. mgr. 85. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála um þessa síðastnefndu birtingu.

Í héraðsdómsstefnu aðaláfrýjanda er þess getið, að stjórnarmennirnir tveir séu nú með óþekktan dvalarstað í Norður-Ameríku. Áritun á birtingarvottorð um dvalarstað þeirra í Kjarlandi 27 fær ekki samrýmst þessu, og hefur engin skýring verið gefin á henni í málinu. Er skilyrðum b-liðar 3. mgr. 85. gr. laga nr. 91/1991 að öðru leyti ekki fullnægt til að telja, að lögmæt birting hafi farið þar fram.

Með því að fyrirvarsmenn Austurholts hf. áttu skráð lögheimili að Vesturholti 4 í Hafnarfirði, var heimilt að birta þeim stefnu þar fyrir hönd félagsins samkvæmt a-lið 3. mgr. 85. gr. laga nr. 91/1991. Voru því ekki skilyrði að lögum fyrir því að birta stefnu í málinu í Lögbirtingablaði samkvæmt ákvæðum a-liðar 1. mgr. 89. gr. sömu laga. Verður því máli aðaláfrýjanda á hendur Austurholti hf. vísað af sjálfsdáðum frá héraðsdómi.

II.

Gagnáfrýjandi telur sig vera eiganda þeirra þriggja veðskulda-bréfa, sem um er deilt í málinu. Gekk hann inn í mál aðaláfrýjanda á hendur stefnda í héraði með meðalgöngu skv. ákvæðum 40. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu og lögbann, sbr. 20. gr. laga nr. 91/1991, og hafði uppi þær kröfur, sem getur í héraðsdómi. Ekki tókst honum að birta stefnu á hendur Austurholti hf. á lögheimili forráðamanna félagsins að Vesturholti 4, og var hún að svo búnu birt í Lögbirtingablaði 3. janúar 1996. Var slík birting óheimil af sömu

ástæðum og getur í I. kafla að framan um birtingu stefnu aðaláfrýjanda á hendur stefnda.

Í meðalgöngusök krafðist gagnáfrýjandi þess, að sér yrði leyfð meðalgangan og að mál sitt yrði sameinað aðalmálinu. Var það síðan rekið í samræmi við þær kröfur. Meðalgöngusökin var þannig sameinuð máli, sem samkvæmt framansögðu bar að vísa frá héraðsdómi vegna formgalla. Verður meðalgöngusökinni því jafnframt vísað frá héraðsdómi.

Rétt þykir, að hver málsaðila greiði sinn málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Málinu er vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.
